



Fjölbautaskóli Suðurlands
Vorönn 2016

ENSK3YL05 Yndislestur

Kennari:	Kristjana Hrund Bárðardóttir Paola Ýr Daziani	Sk.st.	KHB PD
-----------------	--	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Áfanginn er ætlaður þeim nemendum sem hafa áhuga á lestri. Megináhersla er lögð á upplifun og skilning og að nemendur lesi sér til ánægju. Nemendur fá bókalista og velja sér fimm verk eftir enskumælandi höfunda. Þeir gera svo grein fyrir skálðsögunum munnlega í sérstökum viðtalstínum. Ekki er gert ráð fyrir föstum kennslustundum.

Undanfari: Hafa lokið 15 einingum á 2. Þreppi eða ENSK2OR05 og ENSK2OL05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- stjórnmálum, fjölmálum og sögu og áhrifum þeirra á þjóðfélagsmótun í þeim löndum þar sem tungumálið er talað
- menningu þjóða þar sem tungumálið er talað sem og eigin menningu í alþjóðlegu samhengi
- orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi
- hefðum sem eiga við um ritað mál t.d. mismunandi málsnið

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa, sér til ánægju eða upplýsingar, texta sem gera miklar kröfur til lesandans, ýmist hvað varðar orðaforða og uppbyggingu eða myndmál og stílbrigð
- nota tungumálið á sveigjanlegan og árangursríkan hátt í samræðum
- tjá sig af öryggi um margvísleg málefni
- beita ritmálinu í mismunandi tilgangi, fræðilegum og persónulegum, með stílbrigðum og málsniði sem við á og mætir hæfniviðmiðum þrepsins

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér umræður og rökræður um efni sem hann hefur þekkingu á
- átta sig á mismunandi málsniði og stíl í rituðu máli
- greina sögulegt, félagslegt, menningarlegt eða pólitískt samhengi í bókmenntaverkum
- leggja gagnrýnið mat á texta
- hagnýta sér fræðitexta og meta heimildir á gagnrýninn hátt

- beita málinu án meiriháttar vandkvæða til að geta tekið fullan þátt í umræðum og rökræðum þar sem fjallað er um persónuleg, menningarleg, félagsleg og fjölmennigarleg efni
 - flytja vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð, draga fram aðalatriði og rökstyðja mál sitt nokkuð nákvæmlega með dænum og bregðast við fyrirspurnum
 - lýsa skýrt og greinilega flóknum hlutum eða ferlum á sviði sem hann þekkir vel
 - beita rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyrðingu, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag
 - skrifa texta með röksemdafærslu þar sem fram koma rök með og á móti og þau vegin og metin
 - tjá tilfinningar, nota hugarflugið og beita stílbrögðum, t.d. myndmáli og líkingamáli
-

Námsefni:

Bókalisti hjá kennaranum.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
	23.-27.jan.		Próf 1
	13.-17.feb.		Próf 2
	13.-18.mars		Próf 3
	3.-7.apríl		Próf 4
	8.maí		Próf 5

Hver nemandi fæ áætlaðan tíma (um 10 mín.) fyrir munnleg próf 1 - 4.

Próf 5 er skriflegt og fer fram á sama tíma fyrir alla nemendur.

Sérreglur áfangans:

Það er skylda að taka öll 5 prófin. Nemendur sem eru löglega afsakaðir þreyta ólokin próf sem fyrst eða um leið og tækifæri gefst eftir ákvörðun kennara. Moodle er notað sem upplýsingabanki og er sérstaklega mikilvægt að fylgjast vel með. Þessar reglur gilda fyrir alla nemendur, líka 20 ára eða eldri.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Bók 1	Munnlegt próf	20%
Bók 2	Munnlegt próf	20%
Bók 3	Munnlegt próf	20%
Bók 4	Munnlegt próf	20%
Bók 5	Book review	20%

Reglur um skipulag áfangans hjá kennaranum.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

